

Mál nr. 0580/2024 í Skipulagsgátt

Vegna: Máls nr. 0580/2024, Kársnes Þróunarsvæði. Rammahluti aðalskipulags. (Kynning tillögu á vinnslustigi)

Athugasemd:

Höfundur: Ragnheiður Einarsdóttir/ragnheidure@straeto.is

Sent inn þann: 20.02.2025 , **Fyrir hönd:**

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026



Reykjavík, 20. febrúar 2025

Efni: Umsögn Strætó – Kársnes Þróunarsvæði. Rammahluti aðalskipulags. Lýsing skipulagsverkefnis, nr. 0580/2024: Kynning tillögu á vinnslustigi (Rammahluti aðalskipulags)

Umsögn um: „Vestanvert Kársnes – Rammahluti Aðalskipulags Kópavogs 2019-2040“:

Samgöngur og bílastæði – mynd á bls. 20

Á kortinu á bls. 20 eru sýndar strætóstoppistöðvar og strætóleið í gulum lit en þessar leiðir og stoppistöðvar eru ekki hluti af Nýju leiðaneti, heldur núverandi leiðakerfi. Í Nýju leiðaneti eru hins vegar stoppistöðvar fyrir almenna strætóleið á Kársnesbraut og Vesturvör. Sjá hér: [Nýtt leiðanet 2040 - New Public Transport Network 2040 - Remix](#).

Ef tilgangurinn með þessari mynd er að sýna núverandi leiðakerfi þá getur það verið ruglingslegt að Borgarlínan sé sýnd á sama korti þar sem þessar leiðir munu aldrei vera eknar samtímis. Það þarf þá a.m.k. að taka skýrt fram að gulu leiðirnar séu hluti af núverandi leiðakerfi og að Borgarlínuleiðin og stoppistöðvar séu hluti af framtíðarleiðanetinu.

Skipulagshugmyndin – mynd á bls. 32

Hér vantar að sýna leið O sem mun aka eftir Kársnesbraut og Vesturvör, sjá hér: [O Hlemmur - Vatnsendi - Nýtt leiðanet 2040 - New Public Transport Network 2040 - Remix](#).

Staðsetningar stöðva á leið O geta tekið breytingum í samræmi við skipulagið en allar breytingar á staðsetningum stoppistöðva þarf að vinna í samráði við Strætó.

Aðgengilegt Kársnes – mynd á bls. 34

Þegar framkvæmdum 1. lotu Borgarlínunar lýkur mun Nýtt leiðanet, heildstætt leiðakerfi almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu, vera innleitt. Nýtt leiðanet samanstendur af stofnleiðum (hluti þeirra eru Borgarlínuleiðir) og almennum leiðum. Á Kársnesinu eru tvær leiðir skipulagðar í Nýju leiðaneti, annars vegar Borgarlínuleið A sem teiknuð eru með svörtum lit á mynd á bls. 34 og hins vegar almenn leið O sem vantar að sýna á myndinni. Leið O mun aka eftir Kársnesbraut og Vesturvör. Núverandi strætóleið og strætóstopp sem sýnd eru í gulum lit á kortinu verða ekki lengur til staðar þegar Borgarlínan hefur akstur og þarf því að taka út af myndinni.

Göngutengingar

Tryggja þarf góðar göngutengingar til og frá öllum stoppistöðvum almenningssamgangna, bæði Borgarlínustöð á Bakkabraut og stoppistöðvum leiðar O á Vesturvör og Kársnesbraut. Tryggja þarf m.a. góða og beina göngutengingu frá Kársnesstígnum að stöðinni. Einnig þarf að tryggja að göngutengingar í vesturátt komi beint út frá stöðinni á Bakkabraut og ekki þurfi að ganga



krókaleið til að komast í byggðina vestan megin við stöðina. Þetta þýðir að gera þarf göngutengingu í gegnum reit 2.

Hverfiskjarni og Borgarlínustöð

Gott væri ef Borgarlínustöðin á Bakkabraut væri innan hverfiskjarnans þannig að sem mest nærþjónusta sé staðsett nálægt stöðinni og það myndist samlegðaráhrif vegfarenda sem eiga leið um svæðið og þeirra sem fara um stöðina. Væri hægt að skoða að samræma þetta tvennt, annaðhvort með því að hliðra til stöðinni eða hliðra til hverfiskjarnanum (eða bæði)? Að lágmarki ætti að vera lögð mikil áhersla á góðar tengingar fyrir virka ferðamáta milli hverfiskjarna og Borgarlínustöðvar.

Skjal: Minnisblað: Umferðargreining á Kársnesi – Vegna tillögu að breytingu á aðalskipulagi Kópavogs

Er gert ráð fyrir leið O í umferðargreiningunni? Það er talað um Borgarlínuna en leið O mun einnig aka um svæðið og nýta Fossvogsbrú. Hún mun tengja Kársnesið við Hlemms svæðið og Austurbæ Kópavogs.

Á bls. 9 er talað um Borgarlínukerfi en það er ekkert til sem heitir Borgarlínukerfi, heldur Nýtt leiðanet, sem Borgarlínuleiðir eru hluti af. Ferðatíminn sem sýndur er á kortinu á mynd 6.1 er ekki bara ferðatími með Borgarlínunni heldur ferðatími með almenningssamgöngum í Nýju leiðaneti.

Virðingarfyllst,
Skipulagsdeild Strætó bs.